

# STJÓRNARTÍÐINDI B 13 – 1997

31. janúar 1997

169

Nr. 112

## REGLUR

um nám sem leiðir til fullnaðarmenntunar í skipulagsfræðum.

### 1. gr.

Eftirfarandi kröfur eru gerðar:

1. Viðkomandi skal hafa lokið a.m.k. fjögurra ára námi í skipulagsfræðum á háskólastigi, eða jafngildi þess, og hafa auk þess tveggja ára starfsreynslu við skipulagsstörf á viðurkenndum vinnustað eða hafa unnið jafnlengi við rannsóknir í skipulagsfræðum eða
2. viðkomandi skal hafa lokið a.m.k. tveggja ára framhaldsnámi í skipulagsfræðum á háskólastigi, eða jafngildi þess, og hafa auk þess tveggja ára starfsreynslu við skipulagsstörf á viðurkenndum vinnustað eða hafa unnið jafnlengi við rannsóknir í skipulagsfræðum.
3. Ofangreint nám í skipulagsfræðum skal auk þess vera viðurkennt sem fullgilt embættispróf í skipulagsfræðum af félagi skipulagsfræðinga í því landi þar sem viðkomandi lauk prófi.

### 2. gr.

Reglur þessar, sem settar voru á fundi Stjórnar Félags skipulagsfræðinga 20. janúar 1997 á grundvelli 3. gr. laga nr. 8/1996 um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, eru hér með staðfestar. Þær skulu öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 31. janúar 1997.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Jón Ögmundur Pormóðsson.*

31. janúar 1997

Nr. 113

## AUGLÝSING

um afnám vegabréfsáritana fyrir ríkisborgara Andorra.

Ákveðið hefur verið að ríkisborgarar Andorra sem ferðast vilja til Íslands skulu undanþegnir þessari skyldu að fá áritun í vegabréf sitt.

Auglýsing þessi sem gefin er út samkvæmt heimild í 15. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum, nr. 148 3. september 1965, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. janúar 1997.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**

Gutenberg